



# Húsbyggjandatrygging

Skilmáli E-14

Trygging þessi er ætluð fyrir einstaklinga sem eru að byggja nýtt hús en hafa ráðið byggingastjóra og ábyrga verktaka til þess að annast byggingaframkvæmdir. Gert er ráð fyrir að þessir aðilar hafi í gildi viðeigandi tryggingar vegna verktakastarfseminnar og er því hvers konar ábyrgð á verktakastarfsemi eða eignum verktaka undanskilin í tryggingu þessari.

Um trygginguna gilda tryggingarskrteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, hér eftir vsl. Ákvæði í skilmála þessum ganga framur ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

Með tryggingunni stofnast sjálfkrafa tryggingarvernd hjá Náttúruhamfaratryggingu Íslands skv. lögum nr. 55/1992. Náttúruhamfaratrygging bætir tjón af völdum náttúruhamfara m.a. eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða sbr. 4. gr. laganna.

## Efnisyfirlit:

- Húseign í smíðum**
  - Brunatrygging
  - Vatnstjónstrygging
  - Hrun- og sigtrygging
  - Fok- og óveðurstrygging
  - Innbrotstrygging
  - Glertrygging
  - Ákvörðun bóta
- Ábyrgðartrygging**
- Slysatrygging**
- Almenn ákvæði**

## 1. Kafli. Húseign í smíðum

### 1. gr. Hver er tryggður?

Tryggður er eigandi þeirrar húseignar í smíðum sem tiltekin er í tryggingarskrteini.

### 2. gr. Brunatrygging

#### Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin tekur til tjóns á hinu tryggða af eftirfarandi orsökum:

- Eldsvoða.** Tjón af völdum eldsvoða.
- Eldingar.** Tjón af völdum eldingar þótt ekki verði íkveikja.
- Sprengingar.** Tjón sem orsakast af sprengingu í gufukatli til upphitunar húss. Tjón af völdum gassprengingar vegna eldunar- og suðutækja og gaslagna til upphitunar húsa.
- Sótfalls.** Tjón af völdum sótfalls sem verður skyndilega eða óvænt frá viðurkenndu kynditæki, eldstæði eða blásara.
- Loftfars sem hrapar.** Hér er átt við tjón sem verður vegna loftfars eða hluta úr loftfari sem hrapar eða fellur af himnum ofan enda fáist tjónið ekki bætt úr öðrum tryggingum.
- Slökkvi- og björgunaraðgerða.** Tjón af völdum slökkvi- og björgunaraðgerða, niðurrífs eða annarra réttmætra aðgerða til að afstýra eða draga úr tjóni.

### Hvað bætir tryggingin ekki?

Trygging bætir ekki:

- óbeint tjón sem kann að leiða af bótaskyldum tjónsatburðum, s.s. rekstrartap, töl á framleiðslu eða afhendingu vöru, missi húsaleigutekna o.þ.h.
- kostnað vegna hreinsunar úrgangs- eða eiturefna í umhverfi eða jarðvegi vegna bótaskylds tjónsatburðar.
- tjón af eldi sem ekki verður talinn eldsvoði, s.s. tjón á munum sem verða fyrir eldi eða hita við upphitun, suðu, þurrkun, reykingar eða þess háttar og brenna af þeirri ástæðu eða skemmast.
- tjón á rafmagnsvélum, lögnum eða tækjum sem orsakast af skammhlaupi eða öðru rafmagnsfyrirbrigði eingöngu og spani frá rafmögnum óveðri nema af því leiði eldsvoði eða sé afleiðing eldsvoða.
- tjón af sóti eða reyk sem orðið hefur smám saman við notkun, s.s. söt frá reykháfi eða kertum.
- þann hlut, vél né ketil sem sprenging verður í.
- tjón, sem verða vegna verklegra framkvæmda þegar unnið er með sprengiefni.

### Varúðarreglur

- Tryggðum ber að sjá um að umbúnaður á tryggingarstað sé í fyllsta samræmi við reglur í gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma, eftir því sem við á. Tryggðum ber að fara eftir fyrirmælum eða athugasemdum frá opinberum eftirlitsstofnunum svo sem HMS, slökkviliðum og Löggildingarstofu.
- Suðuvinnu, logavinnu og aðra sambærilega vinnu sem hefur í för með sér hættu á eldsvoða skal framkvæma í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 723/2017 um eldvarnir og eldvarnareftirlit með síðari breytingum. Framkvæma skal nauðsynlegar fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir bruna og hafa á staðnum nauðsynlegan slökkvibúnað til að geta brugðist tafarlaust við ef eldur kemur upp.

## 3. gr. Vatnstjónstrygging

### Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón á hinu tryggða af völdum skyndilegs og óvænts leka úr vatnsleiðslu, hitakerfi eða frárennislögnum hússins.

### Hvað bætir tryggingin ekki?

Trygging bætir ekki:

- skemmdir á leiðslum né kostnaður við endurlagningu þeirra.
- tjón af völdum utanaðkomandi vatns svo sem úrkomu, flóða, snjóbráðar eða vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennislögnum.

### Varúðarregla

Það er skilyrði fyrir bótagreiðslu að í úpphituðum húsum sé lokað fyrir vatnsaðstreymi og að vatnslögn ásamt viðtengdum tækjum sé tæmd þegar hætta er á frosti.

## 4. gr. Hrun- og sigtrygging

### Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón á hinu tryggða af völdum hruns eða sigs enda eigi tjónsorsökin rót sína að rekja til skyndilegs og óvænts atviks.

### Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki:

- tjón sem verður vegna landsigs ef það er vegna ónógrar þjöppunar eða lagfæringar á jarðvegsgrunni.
- tjón sem stafa af rangri, gallaðri eða ófullkominni hönnun, áætlunum og/eða útreikningum.

## 5. gr. Fok- og óveðurstrygging

### Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón á hinu tryggða af völdum óveðurs. Með óveðri er átt við veðurhæð sem mælist yfir 28,5 metrum á sekúndu samkvæmt mælingum Veðurstofu Íslands. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hlíðsjónar við ákvörðun um bótaskyldu tryggingarinnar, hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs, er tjónsatburður átti sér stað. Vatnsskemmdir á hinu tryggða samfara óveðurstjóni eru einnig bættar.

## 6. gr. Innbrotstrygging

### Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón á hinu tryggða af völdum skemmdarverka, innbrots eða þjófnaðar á byggingarstað.

### Hvað bætir tryggingin ekki?

Trygging bætir ekki þjófnaður á verðmætum sem geymdir eru undir berum himni eða á stað sem óviðkomandi á greiðan aðgang að.

### Varúðarregla

Tryggður skal sjá til þess að tryggðri húseign sé alltaf læst og öllum gluggum lokað og þeir kræktir aftur. Verkfæri, áhöld eða önnur verðmæti skal ávallt geyma í læstri geymslu.

## 7. gr. Glertrygging

### Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón á gleri í hinni tryggðu húseign ef það brotnar en eingöngu þegar það brotnar eftir að það er ísett, inngreipt eða því er á annan hátt endanlega fyrir komið á þeim stað sem því er ætlað að vera á og svo lengi sem það er á sama stað. Skreytingar og annað sem eykur verðgildi glers þarf að tryggja sérstaklega.

### Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki:

- gler sem rispast eða flísast úr.
- tjón af völdum móðu á milli glerja.
- tjón af völdum þenslu, vindingi eða ófullnægjandi viðhaldi ramma eða lista.
- tjón af völdum brots á gleri og annað afleitt tjón.

## 8. gr. Ákvörðun bóta

Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi. Félaginu er heimilt að draga frá bótum verðryrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti þess sem skemmdist.

Bótafjárhæðir skulu taka mið af kostnaði við viðgerð á hinni tryggðu húseign. Félaginu er í sjálfsvald sett hvort það bætir tjón með peningagreiðslu eða greiðir kostnað af fullnægjandi viðgerð á hinu tryggða. Þegar um peningagreiðslu er að ræða, nemur fjárhæð bóta að hámarki þeirri fjárhæð sem félagið hefði greitt fyrir viðgerð eða enduröflun hins tryggða. Ef tryggður getur nýtt kostnað vegna tjóns til skattafrádráttar eða hann á rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna endurbóta á hinu tryggða í kjölfar tjóns skulu bætur lækka sem því nemur.

Skemmist húseign það mikið að ekki er unnt að gera við hana eða það borgar sig ekki að mati félagsins, getur félagið greitt bætur í peningum sem nema tryggingarfjárhæð að frádregnu því verðmæti sem eftir stendur í húseigninni.

Við greiðslu tjóns á gólfefni sem er eldra en 5 ára hefur félagið heimild til að draga frá bótum 5% fyrir hvert aldursár umfram 5 ár. Þessi aldursfrádráttur getur þó aldrei orðið meiri en 70%. Komi til tjóns á gólfefnum eru aðeins greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými sem tjón verður.

## 2. Kafli. Ábyrgðartrygging

### 9. gr. Hver er tryggður?

Tryggður er eigandi þeirrar húseignar í smíðum sem tiltekin er í tryggingarskírteini.

### 10. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggt er gegn þeirri skaðabótaskyldu, sem fellur á tryggðan samkvæmt íslenskum lögum eða réttarvenjum, sem eiganda þeirrar tilgreindrar húseignar eða húseignarhluta, sem er í smíðum. Tjón geta því aðeins orðið bótaskyld, að þau baki tryggðum fébótaábyrgð sem eiganda hússins í smíðum. Þó er einnig innifalín ábyrgð húseigandans vegna vinnuframlags

hans sjálfs og fjölskyldu hans, svo og annarra er á vegum húseiganda kunna að leggja fram vinnu við byggingu hússins, enda séu þeir ekki verktakar við bygginguna né starfsmenn verktaka eða meistara. Skaðabótaskylda þarf að vera bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum (þar með taldar fasteignir og dýr) og ekki viðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.

Það er skilyrði skaðabótaábyrgðar samkvæmt ákvæði þessu að slys eða skemmdir verði raktar til skyndilegs og óvænts atburðar.

#### 11. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki:

- sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál.
- tjón, sem tryggður og fjölskylda hans valda hverjir öðrum. Fjölskylda telst hinn tryggði og makí hans, börn og önnur skyldmenni sem halda sameiginlegt heimili á sama lögheimili.
- skaðabótakröfu vegna tjóns á eignum stafi það af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyki, sóti eða sprengingu.
- tjón á munum, sem eru í eigu tryggingartaka eða fjölskyldu hans, eða hafa verið fengnir þeim til afnota, umráða eða vörslu.
- hvers kyns ábyrgð sem tengist verktakastarfsemi enda ráð fyrir því gert að verktakar, launaðir iðnaðarmenn og byggingastjóri, sem annast byggingaframkvæmdir, hafi sjálfstæðar atvinnurekstrartryggingar.
- skaðabótakröfu, sem fellur á tryggðan sem eiganda eða notanda skráningarskylds ökutækis, loftfars, skips, báts eða annarra farartækja.
- tjón sem verður sökum mengunar lofts, jarðar, vatns eða sjávar nema slíkt tjón stafi af einum, skyndilegum, ákveðnum atburði. Hið sama gildir um tjón á hlutum af völdum slíkrar mengunar.
- tjón sem stafar af langvarandi raka eða leka.
- tjón vegna myglu eða sveppagróðurs.

#### 12. gr. Varúðarregla

- Tryggðum ber að fara í einu og öllu eftir þeim lögum og reglum sem gilda á hverjum tíma um framleiðslu, afhendingu, flutning, geymslu eða hvers kyns vörslu sprengiefna, eiturfena eða annarra álíka hættulegra efna.
- Áður en hafinn er gröftur í jörðu, borvinna eða sögun í húsum eða utanhúss, skulu tryggður og starfsmenn hans kynna sér legu á leiðslum, strengjum og öðrum lögnum, þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

#### 13. gr. Tryggingarfjárhæð

Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks tryggingaratburðar takmarkast við tryggingarfjárhæð sem tilgreind er í tryggingarskírteini. Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök teljast þau vera af völdum eins tryggingaratburðar.

Kostnaður sem til er stofnaður með samþykki félagsins til þess að skera úr um bótaskyldu tryggðs og vextir af bótafjárhæð greiðast, enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr tryggingarfjárhæðinni. Sé tryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem félaginu ber að greiða.

#### 14. gr. Tryggingartímabil

Ábyrgðartryggingin tekur til atvika sem eiga sér stað á tryggingartímanum jafnvel þótt afleiðingar þess komi ekki fram fyrr en síðar. Tryggingin tekur því ekki til atvika sem eiga sér stað áður en tryggingin er tekin.

#### 15. gr. Meðhöndlun skaðabótakröfu

Sé gerð skaðabótakrafa á hendur hinum tryggða hefur félagið fyrirsvor vegna þeirrar kröfu og eru heimilar hvers kyns ráðstafanir til þess að meðhöndla kröfuna svo sem viðurkenningu á bótaskyldu, verjast kröfunni eða gera um hana samkomulag enda eru þessar ráðstafanir á kostnað félagsins svo og málskostnaður vegna þeirra.

Félagið er ekki bundið af því ef tryggður greiðir eða viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að tryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkendi réttmæti kröfunnar.

#### 16. gr. Endurkröfuréttur félagsins

Þegar tryggingartaki á endurkröfurétt á þriðja mann út af bótaskyldu atviki, öðlast félagið endurkröfuréttinn að svo miklu leyti sem það greiðir bæturnar fyrir tryggingartaka.

#### 17. gr. Verðtrygging

Tryggingarfjárhæð og eigin áhætta ábyrgðartryggingar breytist við hverja endurnýjun samkvæmt visitölu neysliverðs.

### 3. Kafli. Slysatrygging

#### 18. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin greiðir bætur ef slys sem tryggður verður fyrir leiðir til:

- Varanlegrar læknisfræðilegrar örorku
- Tímabundinnar óvinnufærni
- Tannbrots
- Andláts

Tryggingin greiðir aðeins bætur ef slysið er aðalorsök þess að sá sem tryggður er, deyr eða verður óvinnufær að nokkru eða að öllu leyti.

Með orðinu „slys“ er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama þess, sem tryggður er, og gerist án vilja hans. Dánarbætur greiðast því aðeins, sé slysið bein og eina orsök að andláti tryggða.

#### 19. gr. Hverjir eru tryggðir?

Tryggðir eru tryggingartaki og fjölskylda hans, svo og aðrir, sem um stundarsakir vinna við bygginguna launalaust og eru ekki verktakar byggingarinnar, byggingastjóri, iðnmeistarar eða starfsmenn þeirra.

#### 20. gr. Hvenær gildir tryggingin?

Tryggingin gildir vegna slysa sem verða kunna á byggingarstað, á beinni leið á milli heimilis og byggingarstaðar og við störf beinlínis tengd byggingarframkvæmdinni, þótt þau séu utan byggingarstaðar.

#### 21. gr. Tryggingarfjárhæðir

Hámarks tryggingarfjárhæðir fara eftir kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands vegna verkamanna við byggingarvinnu eins og hann er á hverjum tíma.

#### 22. gr. Bætur fyrir varanlega læknisfræðilega örorku

- Valdi slys tryggðum varanlegu líkamstjóni, innan þriggja ára frá því að slysið varð, greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar upphæðar sem var í gildi á slysdegi.
- Örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflu Örorkunefndar um miskastig sem er í gildi þegar örorkumat fer fram. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflu Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega, með hliðsjón af töflunni. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%.
- Slys sem einungis valda lýti eru ekki bótaskyld.
- Við ákvörðun örorku (læknisfræðileg örorka) ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu.
- Örorkubætur greiðast í hlutfalli við þá tryggingarfjárhæð sem gildir samkvæmt fyrrgreindum kjarasamningi. Við útreikning örorkubóta skal ekki tekið tillit til örorku sem var til staðar fyrir slysið.
- Örorkan er metin í fyrsta lagi einu ári eftir slysið, með hliðsjón af ástandi slasaða þá. Telji slasaði eða félagið að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi.
- Missir eða bækun á útlím eða líffæri, sem var ónothæft fyrir slysið, gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bækunar á útlím eða líffæri, sem áður var bæklað, skal meta örorku með hliðsjón af bækuninni fyrir slysið.
- Þótt gera megi ráð fyrir að ástand hins slasaða kunni að breytast, skal undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfelli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að ástand hins slasaða megi bæta með læknismeðferð eða þjálfun og hann veigrar sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíka meðferð, ber samt sem áður við ákvörðun miskastigs að taka tillit til hugsanlegs bata sem slík meðferð kynni að hafa í för með sér.
- Leiði slys til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku skulu félagið og tryggður koma sér saman um einn hæfan matslækni til þess að meta afleiðingar slyssins.
- Ef tryggður andast áður en varanleg örorka er metin greiðast engar örorkubætur.

#### 23. gr. Bætur vegna tímabundinnar óvinnufærni

- Valdi slys tímabundinni óvinnufærni greiðir félagið dagpeninga þá sem í gildi voru á slysdegi ef réttur til dagpeninga er fyrir hendi samkvæmt fyrrgreindum kjarasamningi.
- Dagpeningar greiðast í hlutfalli við óvinnufærni frá lokum biðtíma og svo lengi sem tryggður er óvinnufær að mati læknis eða þar til örorkumat hefur farið fram. Dagpeningar greiðast þó hvorki lengur en þann hámarksbótatíma sem fram kemur í kjarasamningi né fyrir tímabil að loknum þremur árum frá slysdegi. Með biðtíma er átt við það tímabil sem samkvæmt kjarasamningi á að líða frá slysdegi þar til dagpeningagreiðslur hefjast.
- Félagið ákveður hve mikil óvinnufærni hefur verið og varanleika hennar á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem liggja fyrir.

- d. Stafi óvinnufærni slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í óvinnufærninni.

**24. gr. Bætur vegna tannbrots**

- a. Tryggingin greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slys. Greiðsla félagsins takmarkast þó við 5% af grunnörorku tryggingarfjárhæðinni vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa á einu tryggingarári við 7,5% af sömu upphæð.
- b. Tryggingin greiðir ekki bætur vegna tanna sem brotna í vinnuslysi eða vegna annarra atvika að því marki sem það bætist samkvæmt lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008 eða annarri þátttöku hins opinbera í kostnaði við tannlækningar.

**25. gr. Bætur vegna andláts**

- a. Látist tryggður af völdum slyss innan þriggja ára frá slysdegi, greiðast dánarbætur þær sem í gildi voru á slysdegi, að frádregnum bótum fyrir varanlegt líkamstjón sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss.
- b. Félagið á rétt á því að hinn látni verði krufinn til þess að leidd verði í ljós dánarorsök eða annað sem varðar bótaábyrgð félagsins.

**26. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?**

Tryggingin greiðir ekki bætur:

- a. vegna slyss sem tryggður verður fyrir í handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.
- b. vegna slyss sem verður vegna ásetnings eða stórkostlegs gáleysis tryggingartaka eða tryggðs.
- c. vegna slyss sem orsakast af matareitrun, drykkjareitrun eða neyslu vímuefna.
- d. vegna slyss vegna eitraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja tryggðs.
- e. vegna slyss þegar bótaréttur vegna slyssins er fyrir hendi úr lögboðinni ökutækjatrýggingu, þ.e. hvort sem er ábyrgðartrygging eða slysatrygging ökumanns og eiganda. Sama gildir eigi tryggður rétt til bóta samkvæmt reglum umferðarlaga nr. 77/2019, um tjón af völdum óþekktra og ótryggðra ökutækja.
- f. vegna brots á tönnum sem ber að höndum þegar tryggður matast.

## 4. Kafli. Almenn ákvæði

**27. gr. Hvar gildir tryggingin?**

Tryggingin gildir eingöngu vegna húseigna í smíðum á Íslandi.

**28. gr. Tryggð eign**

Tryggingin tekur til þeirrar húseignar eða húseignarhluta, í smíðum, sem skirteinið tilgreinir. Tryggingin bætir jafnframt tjón á byggingarefni, verkfærum, vinnuöllum og vinnuskúrum á byggingarstað enda séu þessir hlutir í eigu eða umsjá tryggðs. Tryggingin bætir ekki tjón á eigum verktaka, byggingameistara, starfsmanna þeirra eða eignir verkfæra- og tækjaleigu á byggingarstað.

**29. gr. Takmarkanir eða varúðarreglur**

Tryggðum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í skilmála þessum eða á tryggingarskirteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. vsl.

**30. gr. Undanskyldar áhættur**

Húsbyggjandatrygging tekur ekki til eftirfarandi tjónsatvika:

- a. Afleiddra tjóna af hvaða orsökum sem er.
- b. Tjóna sem stafa af því, að rangt eða gallað efni er notað.
- c. Tjóna sem stafa af rangri og/eða ófullkominni hönnun og/ eða útreikningum.
- d. Tjóna af völdum skráningarskyldra ökutækja.

**31. gr. Lok tryggingar**

Trygging þessi fellur niður þegar húseignin hefur fengið brunabótamat og lögboðin brunatrygging hefur verið gefin út.

**32. gr. Upplýsingaskylda tryggingartaka**

Félaginu er heimilt að afla sér upplýsingar um fyrra heilsufar tryggðs að fengnu samþykki hans.

**33. gr. Tryggingarfjárhæð og vísitala**

Tryggingarfjárhæð húseignar í smíðum skal nema áætluðum heildar byggingarkostnaði. Tryggingarfjárhæð hins tryggða kemur fram á tryggingarskírteini. Tryggingarfjárhæðir og fjárhæðir eigin áhættu hækka við hverja endurnýjun samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar útgefinni af Hagstofu Íslands.

**34. gr. Samsömun**

Félaginu er heimilt að bera fyrir sig að maki eða sambúðarmaki tryggingartaka/tryggðs hafi brotið gegn ákvæðum tryggingarinnar skv. reglu b. liðar 2. mgr. 29. gr. vsl. Sé trygging þessi notuð í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi starfsmanna tryggðs.

Skilmálar þessir gilda frá 1.4.2024